



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um aðgerðaráætlun gegn rasisma

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 8. maí 2023, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sósíalistaflokks Íslands:

Starfshópur, sem falið var að vinna aðgerðaáætlun gegn rasisma í skóla- og frístundastarfi, skilaði vinnu sinni um miðjan janúar til framkvæmdastjórnar skóla- og frístundasviðs. Í kjölfarið var þeirri vinnu skilað til umsagnar hjá skólastjórafélaginu og kennarafélaginu áður en það fór fyrir skóla- og frístundaráð. Er sérþekking á þessum málaflokki innan skólastjórafélags og/eða kennarafélags? Hafa samtök foreldra komið að þessari vinnu? Hafa fjölskyldur/polendur með reynslu af kynþáttafordómum í skólakerfinu komið að þessari vinnu? Ætlar ráðið ekki að fá fagaðila með sérþekkingu á þessum málaflokki kynþáttafordómum, til að veita umsögn? Ætlar ráðið ekki að fá fjölskyldur/polendur með reynslu af kynþáttafordómum í skólakerfinu til að veita umsögn?

Svar:

Starfshópur um aðgerðaráætlun gegn rasisma í skóla- og frístundastarfi skilaði af sér skýrslu til skóla- og frístundaráðs í desember 2022 sem var til umfjöllunar á fundi skóla- og frístundaráðs 8. maí 2023. Starfshópurinn skipaði fjölbreyttur starfsmannahópur með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn sem margir hverjir eru jafnframt foreldrar. Sú sýn og reynsla þátttakenda endurspeglar þær tillögur sem settar voru fram. Starfshópurinn fundaði með og bar niðurstöður skýrslunnar undir grasrótasamtökin Anti-rasistar.

Í erindisbréfi fyrir starfshópurinn sem dagsett er 22. ágúst 2022 er tilgreint að hlutverk starfshópsins sé að skýra verkferla og viðbrögð við kynþáttafordómum og kynþáttahyggju í skóla- og frístundastarfi. Ákveðið var að senda drög að skýrslu starfshópsins til umsagnar hjá félagi skólastjórnenda, kennarafélaginu, félagi stjórnenda leikskóla, félagi leikskólakennara og félagi starfsfólks í frítímaþjónustu þar sem að tillögur hópsins varða þeirra starfsemi.

Það er mat skóla- og frístundasviðs að skýrsla sem starfshópurinn birti sýni á fullnægjandi hátt þær áherslur sem sviðið vill leggja í fræðslu um rasisma. Víðtæk þekking liggur fyrir í starfshópnum sem auk þess leitaði fanga til fleiri eins og fram kom í skýrslunni.

Þess ber að geta að mikilvægt er að endurmeta með reglubundum hætti þær leiðir sem farnar eru í fræðslu um málefni eins og rasisma, en lögð verður áhersla á að vinna áfram með efnið á vettvangi skóla- og frístundastarfs.